

## Samráðsfundur

**Dags:** 8. maí 2009, Ráðhús Skagafjarðar

**Aðili:** Sveitarstjórn Skagafjarðar

**Gestir:** Guðmundur Guðlaugsson (sveitarstjóri), og Sigurður Ingvarsson (Umhverfis- og tæknisvið) og sveitarstjórnarmennirnir Einar Eðvald Einarsson, Gísli Sigurðsson, Gísli Árnason og Pétur Valdimarsson.

**Frá verkefnisstjórn:** Svanfríður, Elín og Tómas.

1. Svanfríður kynnti starf og hlutverk rammaáætlunar.
2. Rætt var um virkjunarhugmyndir í innanverðum Skagafirði. Skatastaðvirkjun hefur verið í umræðunni í mörg ár en ekki náðst um hana pólitísk sátt. Vitað var að unnið væri að nýrri útfærslu og var frágangi aðalskipulags á virkjunarsvæðinu frestað uns það lægi fyrir. Svanfríður lagði fram drög að þessari nýju útfærslu, sem felst í einni virkjun, Skatastaðavirkjun, sem tekur yfir fyrri hugmyndir um tvær virkjanir við Skatastaði og Villinganes. Sveitarstjórnin hafði ekki séð þessi drög en töldu víst að orkufyrirtækin myndu kynna heimamönnum þau formlega á seinni stigum. Fundarmenn sögðu „að óathuguðu máli“ og í fljóti bragði litist þeim vel á útfærsluna. Dregið væri úr umdeildustu þáttunum; lónið væri minna og áhrif á flúðasiglingum væri minna. s.
3. Eins og staða orkumála í Skagafirði er nú, vantar sveitarfélagið um 30 MW. Með það í huga nægir að fá aðeins Villinganesvirkjun. „Hvernig vigtar það i matinu?“ Bent á að láta Guðmund Guðmundsson í Faghópi 3 vita af þessu.
4. Fundarmenn ítrekuðu að málinu tengdust sterkar tilfinningar og almenna afstaðan væri að nýta bæri orkuna í heimabyggð.
5. Tómas var beðinn að kanna hvort LV gæti sent sveitarstjóra afrit af skýrslunni um hina nýju tilhögun. Jafnframt að hvetja til að tillagan yrði kynnt í héraði.